

## TEKJUSKIPTINGARUPPGJÖR – ÁRLEGT

1. Tengiliður .....	2
2. Lýsigögn uppfærð .....	2
3. Framsetning .....	2
4. Mælieining .....	8
5. Viðmiðunartími .....	8
6. Umboð .....	9
7. Trúnaðarkvaðir .....	9
8. Reglur um birtingar .....	9
9. Tíðni birtinga .....	10
10. Aðgengileiki og skýrleiki .....	10
11. Gæðastjórnun .....	12
12. Notagildi .....	13
13. Nákvæmni og áreiðanleiki .....	14
14. Tímanleiki og stundvísi .....	14
15. Samræmi og samanburðarhæfni .....	15
16. Kostnaður og svarbyrði .....	16
17. Endurskoðun hagtalna .....	16
18. Úrvinnsla hagskýrslna .....	18
19. Athugasemdir .....	23

## 1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
1.3 Nafn tengiliðar	Aron Leifsson
1.4 Heimilisfang stofnunar	Borgartún 21a, 105 Reykjavík
1.6 Netfang tengiliðar	<a href="mailto:Aron.Leifsson@hagstofa.is">Aron.Leifsson@hagstofa.is</a>
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1135

## 2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	25.6.2020
-----------------------------	-----------

## 3. Framsetning



### 3.1 Lýsing á gögnum

Tekjuskiptingaruppgjör, eða geiraskiptingaruppgjör, er ein af þremur aðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Fram til ársins 2014 höfðu þjóðhagsreikningar verið færðir með aðeins tvennum hætti hér á landi, annars vegar samkvæmt ráðstöfun og hins vegar samkvæmt framleiðslu.

Ráðstöfunaruppgjör byggist á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota, þ.e. til einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutnings en innflutningur dregst hins vegar frá. Framleiðsluuppgjör byggir á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann verður til en ekki þar sem honum er ráðstafað. Virðisaukinn verður til í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum og samanstendur af vinnulaunum, afskriftum af framleiðslufjármunum og hreinum hagnaði fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta. Þriðja uppgjörsaðferðin og sú uppgjörsaðferð sem hér er til umfjöllunar, tekjuskiptingaruppgjör, byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útdelt til þeirra, sem tekið hafa þátt í myndun hans. Allar þessar aðferðir ættu að gefa sömu niðurstöðu því í reynd er alltaf verið að meta sömu stærðina, þ.e. árangur efnahagsstarfseminnar eða virðisaukann á ákveðnu tímabili, oftast einu ári. Munurinn felst einungis í því hvar verðmætin eru metin, þ.e. hvort þau eru metin þar sem þeim er ráðstafað, eða þar sem þau verða til.

Uppgjörð felur ekki í sér nýtt mat á vergri landsframleiðslu í heild eða helstu efnispáttum hennar heldur er byggt á niðurstöðum ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga. Hér er aftur á móti lögð áhersla á að skrá verðmætastraumana milli megingeira hagkerfisins.

Í tekjuskiptingaruppgjörinu er hagkerfinu skipt í fimm innlenda megingeira, þ.e. (1) *fyrirtæki önnur en fjármálastofnanir*, (2) *fjármálastofnanir*, (3) *hið opinbera*, (4) *heimilin* og (5) *félagasamtök*. Í uppgjörinu er litið á hvern geira og tekjur hans. Með sama hætti eru útgjöld geirans metin, bæði til endanlegrar ráðstöfunar og tilfærslna. Frumpáttatekjur, þ.e. launa og eignatekjur að viðbættum nettó tilfærslutekjum mynda ráðstöfunartekjur hvers geira og eru þær jafnar sparnaði og útgjöldum hans. Í þessu uppgjöri kemur fram skipting tekna milli geira hagkerfisins og af því er heitið tekjuskiptingaruppgjör dregið.

Útlönd eru talin sem sjötti geirinn. Í uppgjörinu er færður einn reikningur fyrir öll viðskipti við útlönd, hvort sem um er að ræða vöru-, þjónustu- eða tilfærsluviðskipti. „Útlönd“ uppfylla ekki meginreglu geiraskiptingar, þ.e. þau mynda ekki

afmarkaðan hóp hvað varðar ákvarðanir um tekjuöflun og ráðstöfun tekna. Hins vegar er nauðsynlegt að setja upp reikning fyrir útlönd í tekjuskjortingaruppgjöri, m.a. til afstemmingar. Við gerð tekjuskjortingaruppgjörs er alþjóðlegum stöðlum um gerð þjóðhagsreikninga fylgt, nánar tiltekið ESA 2010, sem er útfærsla Eurostat á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 2008.

Tekjuskjortingaruppgjörið er mikilvægt tæki til að greina tekju- og útgjaldastreymi á milli efnahagsgeira innan hagkerfisins og samband innlendra efnahagsgeira við útlönd. Nota má uppgjörið við greiningar á framleiðslu, dreifingu tekna og tekjuflæðis milli geira.

### 3.2 Flokkunarkerfi

[ESA 2010](#) þjóðhagsreikningastaðallinn leggur í té aðferðafræði og skilgreinir þær flokkanir sem Hagstofan vinnur eftir við úrvinnslu þjóðhagsreikninga. Þessar flokkanir eru:

[Íslenska atvinnugreinaflokkunin \(ÍSAT2008\)](#) sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins ([NACE Rev.2](#)) sem gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

[COFOG staðallinn](#) (Classification of the Functions of Government) er staðall yfir flokkun á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum.

### 3.3 Umfang efnis - þekja

Árlegum þjóðhagsreikningum er gert að ná yfir alla efnahagsstarfssemi þjóðarbúskapsins og sama á við um tekjuskjortingaruppgjörið. Allar einingar sem hafa ráðandi fjárhagslega hagsmuni innan íslensks efnahagssvæðis falla undir þjóðhagsreikninga.

Samkvæmt ESA2010 eru þessar einingar flokkaðar í eftirfarandi innlenda geira hagkerfisins: fjármálafyrirtæki, fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki, heimilin, hið opinbera og félagasamtök. Sjötti geirinn er svo viðskipti við útlönd.



### 3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Þau hugtök sem notuð eru í þjóðhagsreikningum byggja öll á hinu evrópska þjóðhagsreikningakerfi ESA 2010 (European system of accounts).

Tekjuskiptingaruppgjörið skiptist í framleiðslureikning, ráðstöfun vinnsluvirðis, skiptingu frumtekna, tekjutilfærslur, tekjujöfnun í fríðu og notkun ráðstöfunartekna. Hver reikningur byrjar með upprunalið (tekjur) og lokast með ráðstöfunarlið (gjöld) sem afstemmingarlið (e. balancing items). Síðasti afstemmingarliðurinn í uppgjörinu er sparnaður sem í þjóðhagsreikningum er sá hluti tekna af framleiðslu hagkerfisins, innanlands eða utan, sem ekki er notaður til neyslu.

**Framleiðslureikningurinn** er unninn út frá upplýsingum úr framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar og geiraskiptri skattagrunnskrá fyrir hvert ár. Hlutföll geiranna af launagreiðslum í hverri atvinnugrein eru notuð til að skipta framleiðslu, aðföngum, leiðréttingu aðfanga v. framleiðsluskatta/framleiðslustyrkja og afskriftum niður á geira. Ráðstöfunarliður þess reiknings, verg landsframleiðsla (VLF), er hér reiknaður sem vinnsluvirði úr hverjum geira auk leiðréttingar aðfanga vegna framleiðsluskatta að frádreginni afstemmingu aðfanga vegna framleiðslustyrkja, skv. framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri.

Reikningi yfir **ráðstöfun vinnsluvirðis** er ætlað að kortleggja uppruna frumtekna eftir fimm geirum hagkerfisins. Til frumtekna teljast laun og launatengd gjöld, skattar á framleiðslu og innflutning ásamt framleiðslustyrkjum.

Í reikningi yfir **skiptingu frumtekna** er einblínt á móttöku þeirra tekna eftir geirum en ekki uppruna. Hér teljast til tekna laun og launatengd gjöld til heimila, skatttekjur hins opinbera ásamt sundurliðuðum eignatekjum og -gjöldum á milli allra fimm geiranna auk útlanda.

Í reikningi yfir **tekjutilfærslur** eru bókfærðar tilfærslur frumtekna á milli geira í formi skatta, tryggingaiðgjalda, lífeyrisgreiðslna og ýmissa tryggingarbóta.

Reikningur yfir **tekjujöfnun í fríðu** gefur víðtækari mynd af tekjum heimilanna með því að telja með til tekna þær vörur og þjónustu sem heimilin fá gjaldfrjálst. Þar teljast ýmsar félagslegar bætur í fríðu (e. social benefits in kind) frá hinu opinbera til heimila. Stærstur hluti þeirra er einstaklingsbundin samneysla en það eru útgjöld hins opinbera svo sem til menntunar og heilsu og renna því til heimilanna aftur.

Síðasti reikningur yfir tekjuskiptingu innlendra geira nær yfir **notkun ráðstöfunartekna**. Ráðstöfunartekjum má verja

ýmist til neyslu eða sparnaðar og þessi reikningur sýnir þær færslur. Jöfnuður reikningsins sýnir vergan og hreinan sparnað. Vergur sparnaður heimilageirans reiknast sem vergar ráðstöfunartekjur eftir að leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum en að frádreginni einkaneyslu heimila. Á sama hátt er vergur sparnaður fjármálastofnana jafn vergum ráðstöfunartekjum þess geira að frádregnum breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum. Vergur sparnaður hins opinbera er jafn vergum ráðstöfunartekjum að frádregnum hlut hins opinbera í einkaneyslu auk samneyslu.

Sér reikningur er að lokum færður fyrir öll viðskipti við *útlönd*.

**Við gerð tekjuskiptingaruppgjörs er íslenska hagkerfinu skipt í fimm mismunandi geira samkvæmt ESA 2010. Sjötti efnahagsgeirinn, útlönd, nær yfir alla erlenda aðila. Haggeirarnir eru eftirfarandi:**

- **S.0 Allir geirar**

- **S.1 Ísland** (innlendir efnahagsgeirar)

- o **S.11 Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki:** nær til fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri en fjármálastarfsemi og starfsemi opinberra aðila. Ekki er gerður greinarmunur á fyrirtækjum eftir atvinnugreinum að öðru leyti. Hér er því um að ræða fjölbreytta atvinnustarfsemi sem spannar framleiðslu á vörum og þjónustu sem ekki eru fjármálalegs eðlis.

- o **S.12 Fjármálafyrirtæki:** geirinn samanstendur af fyrirtækjum þar sem aðalstarfsemi er framleiðsla fjármálaþjónustu eða önnur fjármálaviðskipti. Undir þennan geira falla bankar, sparisjóðir, eignaleigur, greiðslukortafyrirtæki, fjárfestingalánasjóðir, verðbréfafyrirtæki og -sjóðir, tryggingafélög og lífeyrissjóðir.

- o **S.13 Hið opinbera:** samanstendur af ríkisjóð, sveitafélögum og almannatryggingum.

- o **S.14 Heimili:** samanstendur af einstaklingum eða hópum einstaklinga, neytendum og frumkvöðlum sem framleiða vörur og þjónustu. Sem neytendur eru heimilin skilgreind sem litlir hópar einstaklinga sem deila íbúðarhúsnæði, sem sameina tekjur sínar og auð og neyta ákveðinna tegunda vöru og þjónustu sameiginlega.

- o **S.15 Félagasamtök:** samanstendur af stofnunum og einingum sem starfa á grundvelli ákveðinna hugsjóna og eru ekki á markaði í hagnaðarskyni og þjóna heimilum. Sum sinna aðallega hagsmunum eigin félagsmanna, önnur vinna að hag ótiltekins fjölda fólks, almannaheill.

• **S.2 Útlönd:** samanstendur af erlendum einingum sem eiga viðskipti við innlendar einingar eða hafa önnur efnahagsleg tengsl við innlendar einingar. Geirinn á að veita heildaryfirlit yfir efnahagsleg sambönd sem tengja íslenska hagkerfið við útlönd.

## Önnur hugtök og skilgreiningar:

• **Laun og launatengd gjöld:** Með launum og tengdum gjöldum er átt við greiðslur í peningum eða fríðu frá atvinnurekanda til launþega fyrir vinnuframlag. Hér teljast einnig greiðslur vinnuveitandans til lífeyristrygginga vegna starfsmanna hvort sem um er að ræða formlega sjóði eða reiknaðar skuldbindingar vinnuveitandans.

• **Páttatekjur:** Skiptast í frumþáttatekjur og rekstrarframlög

o **Frumþáttatekjur:** Tekjur sem verða til af framlagi hvers geira til framleiðsluferlisins eða með því að leigja fjáreignir eða náttúruauðlindir til annarra geira. Þær ná yfir laun, fjárfestingartekjur og aðrar frumþáttatekjur.

o **Rekstrarframlög:** Skiptast í framlög milli einstaklinga og önnur framlög. Framlög milli einstaklinga taka til allra peningasendinga milli einstaklinga sem hafa búsetu í sitt hvoru landinu. Algengastar eru peningasendingar einstaklinga, sem flust hafa búferlum til annarra landa í þeim tilgangi að stunda atvinnu, til ættingja í heimalandinu. Önnur framlög samanstanda af framlögum hins opinbera og frjálsra félagasamtaka til þróunarmála, greiðslur launþega í almenna lífeyrissjóði sem og greiðslur lífeyrissjóða til eftirlaunaþega. Það sama á við um greiðslur launveitenda til almannatrygginga sem og greiðslur úr almannatryggingum til einstaklinga í formi elli- eða örorkulífeyris, sjúkradagpeninga o.s.frv. Endurgreiðslur hins opinbera af skatti til erlendra aðila, svo sem endurgreiðslur af virðisaukaskatti til ferðamanna og vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, eru taldar með rekstrarframlögum. Einnig teljast iðgjöld og kröfur vegna skaðatrygginga til annarra framlaga.

• **Tilfærslutekjur-/gjöld:** Til tilfærslutekna-/gjalda teljast ýmsar bætur og áunnin réttindi greidd af ríki og sveitarfélögum ásamt bótagreiðslum tjónatrygginga.

• **Eignatekjur-/gjöld:** Meginflokkar eignatekna-/gjalda eru fimm talsins. Þeir eru:

1. Vextir

2. Arður

	<p><b>3. Endurfjárfesting tekna af beinum erlendum fjárfestingum</b></p> <p><b>4. Eignatekjur til eigenda í tryggingasjóðum</b></p> <p><b>5. Leiga af landi og neðanjarðarauðlindum</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Ráðstöfunartekjur:</b> Þáttatekjur að viðbættum nettó tilfærslutekjum mynda ráðstöfunartekjur hvers geira. Í tekju- og útgjaldareikningum gildir, að ráðstöfunartekjur hvers geira eru jafnar sparnaði og útgjöldum hans.</li> <li>• <b>Sparnaður:</b> Er í þjóðhagsreikningum sá hluti tekna af framleiðslu hagkerfisins, innanlands eða utan, sem ekki er notaður til neyslu. Sparnaður heimilageirans reiknast sem ráðstöfunartekjur eftir að leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum en að frádreginni einkaneyslu heimila. Á sama hátt er sparnaður fjármálastofnana jafn ráðstöfunartekjum þess geira að frádregnum breytingum á hreinni eign heimila í lífeyrissjóðum. Sparnaður hins opinbera er jafn ráðstöfunartekjum að frádregnum hlut hins opinbera í einkaneyslu auk samneyslu.</li> <li>• <b>Landsframleiðsla:</b> Er vinnsluvirði að viðbættum sköttum á framleiðslu og innflutning en að frádregnum framleiðslustyrkjum.</li> </ul>
<b>3.5 Hagskýrslueining</b>	Geirar hagkerfisins, skilgreindir af ESA 2010.
<b>3.6 Þýði</b>	Tekjuskiptingauppgjörið nær yfir öll efnahagsleg viðskipti innan tilgeindra framleiðslumarka, á tilteknum tíma.
<b>3.7 Svæði</b>	Íslenskt efnahagssvæði.
<b>3.8 Tímabil</b>	Talnaefnið nær nú yfir tímabil frá og með árinu 2000. Talnaefni er uppfært ár hvert.
<b>3.9 Grunntímabil</b>	Á ekki við.
<b>4. Mælieining</b>	
<b>4. Mælieining</b>	Mælieining tekjuskiptingauppgjörins er íslenskar krónur (milljónir króna).
<b>5. Viðmiðunartími</b>	





## Lýsigögn

<b>5. Viðmiðunartími</b>	Árlegt talnaefni tekjuskiptingaruppgjörsins vísar til almanaksársins.
<b>6. Umboð</b>	
<b>6.1 Lög og reglugerðir</b>	<p>Sjá <a href="#">lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007</a>.</p> <p>Á Íslandi byggir gerð hagskýrslna um fjárhag hins opinbera á samræmdum þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, European System of National Accounts 2010 (ESA 2010). Lagalegur grundvöllur staðalsins er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) <a href="#">nr. 549/2013</a> frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu.</p> <p>Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2014 frá 8. apríl 2014. Á grundvelli reglugerðarinnar hefur Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, gefið út leiðbeiningar og álit um einstök viðfangsefni sem ætlað er að auðvelda túlkun staðalsins og leiðbeina frekar um notkun hans. Eurostat sinnir einnig eftirliti með því að gildandi reglugerðum sé framfylgt. Framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 er í höndum Hagstofu Íslands sem er sjálfstæð stofnun og miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar hér á landi.</p>
<b>7. Trúnaðarkvaðir</b>	
<b>7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna</b>	Sjá <a href="#">reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna</a> .
<b>7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna</b>	Grunngögn eru varðveitt á Hagstofunni. Afstaða er tekin til þess hverju sinni hvort utanaðkomandi aðilar fá aðgang að ítarlegri sundurliðun gagna en birt eru. Í því sambandi er verndun trúnaðarupplýsinga höfð í fyrirrúmi og fylgt verklagsreglum Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna, sem eru aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar. Sjá <a href="#">lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð</a> , greinar 10 til 13.
<b>8. Reglur um birtingar</b>	



## Lýsigögn

<b>8.1 Birtingaráætlun</b>	Birtingar verða tilkynntar og settar á <a href="#">birtingaráætlun</a> í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.
<b>8.2 Aðgengi að birtingaráætlun</b>	Talnaefni verður aðgengilegt samkvæmt <a href="#">birtingaráætlun Hagstofunnar</a> . Í birtingaráætlun Hagstofunnar má sjá upplýsingar og dagsetningar á birtingum komandi árs, birt í nóvember ár hvert.
<b>8.3 Aðgengi fyrir notendur</b>	Öllum notendum er veittur sami aðgangur að talnaefni þjóðhagsreikninga en upplýsingar um birtingu þeirra eins og annarra opinberra hagtalna er aðgengileg í birtingaáætlun Hagstofunnar og engum notenda veittur aðgangur á undan öðrum. Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „ <a href="#">tekjuskiptingaruppgjör</a> “.
<b>9. Tíðni birtinga</b>	
<b>9. Tíðni birtinga</b>	Árlegt tekjuskiptingaruppgjör er birt á vef Hagstofu Íslands einu sinni á ári. Fyrstu tölur tekjuskiptingaruppgjörins um liðið ár, birtast með um 15 mánaða tímatöf (t+15).
<b>10. Aðgengileiki og skýrleiki</b>	
<b>10.1 Fréttatilkynningar</b>	Fréttatilkynningar um birtingar talnaefnis tekjuskiptingaruppgjörins birtast á <a href="#">fréttasafni</a> Hagstofu Íslands.
<b>10.2 Útgáfur</b>	Auk fréttatilkynninga og birtingu gagnasafna þjóðhagsreikninga á netinu getur talnaefni einnig birst í öðrum útgáfum svo sem ársskýrslum, bæklingum, tölfræðihandbókum, greinum og öðrum erindum. Útgáfur þessar eru aðgengilegar á <a href="#">heimasíðu hagstofunnar</a> .

### 10.3 Gagnasöfn á netinu

Talnaefni er aðgengilegt notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „[tekjuskiptingaruppgjör](#)“.

Talnaefni tekjuskiptingaruppgjörins, sem og öðru talnaefni Hagstofunnar, er miðlað með PC-axis (PX-Web) hugbúnaði sem upphaflega var hannaður af sænsku hagstofunni til að miðla tölfraðilegum upplýsingum.

Talnaefni er hægt að hala niður með ýmsu sniði, svo sem Excel, CSV, PC-Axis og gröfum sem PNG og JPG.

Aðgangur að talnaefni tekjuskiptingauppgjörins er gjaldfrjálst. Efni er uppfært í tengslum við birtingar (sjá 8.1) kl. 9 að morgni birtingardags.

### 10.4 Aðgengi að örgögnum

Hægt er að [sækja um aðgang að örgögnum](#) Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.

### 10.5 Annað



## Lýsigögn

### 10.6 Skjöl um aðferðafræði

Þjóðhagsreikningar á Íslandi hafa verið gerðir skv. aðferðafræði þjóðhagsreikningakerfis Evrópusambandsins, ESA 2010, síðan árið 2014.

Helstu skýrslur um aðferðafræði tekjuskiptingauppjör þjóðhagsreikninga á Íslandi eru:

- [European system of accounts, ESA 2010](#), þjóðhagsreikningastaðall Hagstofu Evrópusambandsins.
- System of National Accounts, SNA 2008. Þjóðhagsreikningastaðall, samantekinn af vinnuhópi á vegum Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, OECD og Sameinuðu þjóðunum.
- Lýsing á aðferðum við gerð tekjuskiptingaruppjör-Hagtíðindi: [Geirskiptir þjóðhagsreikningar 2000-2011, 27. nóvember 2014](#).

Helstu skýrslur um aðferðafræði þjóðhagsreikninga á Íslandi eru:

- [Gross National Income Inventory \(ESA95\) Iceland](#); Statistics Iceland, apríl 2011; birt á heimasíðu Hagstofunnar. Hér er um að ræða ítarlega lýsingu á aðferðum við gerð þjóðhagsreikninga á verðlagi hvers árs. Skýrslan er tekin saman að kröfu Eurostat sem hefur ákveðið kaflaskiptingu og umfjöllunarefni innan hvers kafla. Sambærilegar lýsingar eru til fyrir öll löndin á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Þjóðhagsreikningar 1945-1992; Þjóðhagsstofnun, Reykjavík Ágúst 1994.

### 10.7 Skjöl um gæðamál

Að svo stöddu birtir Hagstofan engar skýrslur um gæðastjórnun við samantekt þjóðhagsreikninga en [gæðastefna Hagstofu Íslands](#) er aðgengileg á heimasíðu Hagstofunnar.

## 11. Gæðastjórnun

### 11.1 Trygging gæða

Sjá [meginreglur í hagskýrslugerð](#) og [gæðastefnu Hagstofu Íslands](#).

<b>11.2 Gæðamat</b>	<p>Vegna þess að helstu efnisþættir tekjuskiptingauppgjörins byggja á niðurstöðum ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga eru í raun aðeins tveir þættir sem geta haft áhrif á gæði uppgjörins:</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Ósamræmi milli efnissviða</li><li>2. Flokkun í haggeira</li></ol> <p>Ítarleg greining stendur nú yfir á báðum þessara þátta, þar sem liggur fyrir að hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun til að tryggja gæði með því að minnka ósamræmi milli efnissvæða og bæta ferlið við geiraflokkun.</p>
<b>12. Notagildi</b>	
<b>12.1 Þarfir notenda</b>	<p>Notendur þjóðhagsreikninga eru m.a. stjórnvöld, opinberar stofnanir og einkafyrirtæki, almenningur, fjölmiðlar og alþjóðastofnanir sem nota þjóðhagsreikninga við stefnumótun, rannsóknir, ákvarðanatöku og upplýsta þjóðfélagssumræðu.</p> <p>Tekjuskiptingaruppgjórið er mikilvægt tæki til að greina tekju- og útgjaldastreymi á milli efnahagsgeira innan hagkerfisins og samband innlendra efnahagsgeira við útlönd. Nota má uppgjórið við greiningar á framleiðslu, dreifingu tekna og tekjuflæðis milli geira.</p> <p>Hagstofa Íslands leggur mikið upp úr góðu samstarfi við notendur hagtalna. Hagstofan skipuleggur fundi og kannanir til að skilja betur þarfir og væntingar notenda með það að markmið að bæta gæði.</p>
<b>12.2 Ánægja notenda</b>	<p>Hagstofa Íslands er meðvituð um mikilvægi skoðanna notenda en að svo stöddu er ekki til neinn mælikvarði á ánægju notenda tekjuskiptingauppgjörins sérstaklega en skoðanir og álit notenda opinbera hagtalna hefur verið safnað og kannað, til að mæla ánægju notenda, í notendakönnun Hagstofunnar sem framkvæmd hefur verið 5 sinnum síðan árið 2007.</p>
<b>12.3 Heildstæðni</b>	<p>Þjóðhagsreikningar, og þar með tekjuskiptingaruppgjórið, eru á Íslandi unnið í samræmi við aðferðafræði ESA2010.</p>

### 13. Nákvæmni og áreiðanleiki

#### 13.1 Nákvæmni

Á árinu 2014 var hið nýja þjóðhagsreikningakerfi Evrópusambandsins, ESA 2010, tekið í notkun. Við undirbúning þess voru ýmsar áætlunaraðferðir teknar til endurskoðunar og matsfjárhæðum breytt eftir því sem ástæða var talin til. Með kerfisbundinni afstemmingu og ítarlegri sundurliðun gagna að uppskrift þjóðhagsreikningastaðals ESA 2010 má tryggja nákvæmni talna tekjuskiptingaruppgjörsins.

Skekkjur eða ónákvæmni í gögnum setja vissulega mark sitt á tölur úr tekjuskiptingaruppgjörinu. Þó má segja að með samræmdri meðhöndlun gagnanna frá ári til árs og kerfisbundinni afstemmingu við áður birtar hagstærðir megi draga verulega úr skekkjum.

#### 13.2 Úrtaksvillur

Á ekki við

#### 13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Hagstofa Íslands, í samstarfi við Eurostat, reynir að halda villum í lágmarki með því að vera stöðugt að þróa og bæta aðferðafræði íslenskra þjóðhagsreikninga.

### 14. Tímanleiki og stundvísi

#### 14.1 Tímanleiki

Árlegt talnaefni tekjuskiptingauppgjörsins birtist á heimasíðu Hagstofunnar einu sinni á ári, með 15 mánaða tímatöf (t+15 mánuðir).

Bráðabirgðatölur fyrir heildarhagkerfið (S.1), hið opinbera (S. 13) og útlönd (S. 2) eru sendar til Eurostat með 9 mánaða tímatöf (t+9 mánuðir), en eru ekki birtar á heimasíðu Hagstofunnar.

Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana fylgir í kjölfar birtingar. Uppgjörið er aðgengilegt á íslensku og ensku á heimasíðu Hagstofunnar.

#### 14.2 Stundvísi

Niðurstöður eru birtar samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar.

## 15. Samræmi og samanburðarhæfni

<b>15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg</b>	Samanburður við erlendar hagtölur er afar algengur og ætti að vera marktækur fyrir þau lönd sem fylgja sama staðli við gerð þjóðhagsreikninga og Hagstofa Íslands, þ.e. ESA 2010 sem ESB og EES ríki fylgja sem og aðrar þjóðir sem fylgja SNA 2008 staðlinum sem er samrýmanlegur við ESA 2010.
<b>15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma</b>	Ein af grunnhugmyndunum með þjóðhagsreikningum er að fylgt skal samræmdum aðferðum frá ári til árs í því skyni að tímaraðir verði eins sambærilegar og kostur er. Með tilkomu nýrra og betri heimilda eða aðferða getur sambærileikinn þó raskast og er þá leitast við að leysa þann vanda með því að reikna breytingaárið samkvæmt bæði gömlu og nýju aðferðinni og nota breytingaárið sem tengiár.
<b>15.3 Samræmi – milli efnissviða</b>	<p>Samræmi er milli tekjuskiptingauppgjörnsins og talnaefni þjóðhagsreikninga en tímabundin ósamræmi getur komið fram þegar endurskoðun á þjóðhagsreikningum er birt, vegna ólíks birtingatíma talnaefnis. Þessi mismunur er síðan leiðréttur við næstu birtingu tekjuskiptingauppgjörnsins.</p> <p>Ósamræmi er aftur á móti á milli fjármálareikninga og tekjuskiptingauppgjörnsins þegar kemur að hreinum lánveitingum/hreinum lánum allra geira. Mismunurinn er vaktaður án þess þó að hann sé stemmdur af.</p>
<b>15.4 Samræmi – innan efnissviðs</b>	Allt ósamræmi er tilkynnt til Eurostat. Enn sem komið er hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort slíkar skýrslur verði gerðar opinberar. Ósamræmi kemur til vegna ólíkra aðferðafræði uppgjöranna, sem og stöku mismunar á milli grunnagnaheimilda.

## 16. Kostnaður og svarbyrði

### 16. Kostnaður og svarbyrði

Í meginatriðum má segja að við gerð tekjuskiptingaruppgjörsins sé notast við ýmsar stjórnsýsluskrár sem safnað er í öðrum tilgangi. Lítið er leitað beint til fyrirtækja eða stofnana við gagnasöfnun og ekki til einstaklinga. Ef leitað er til fyrirtækja þá er jafnan beðið um gögn sem þegar eru tiltæk. Svarbyrðin er því hverfandi.

## 17. Endurskoðun hagtalna

### 17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna

Sjá [stefnu](#) Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.



### 17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd

Endurskoðun hagtalna, með öðrum orðum breytingar á talnaefni sem varða tímabil sem áður hefur verið birt, er eðlilegur hluti af vinnslu þjóðhagsreikninga. Gerður er greinarmunur á tvenns konar endurskoðunum:

- Virkar eða reglulegar endurskoðanir (e. current or routine revisions)
- Meiriháttar endurskoðanir (e. major revisions)

Reglulegar endurskoðanir árstalna þjóðhagsreikninga, *ráðstöfunaruppgjörs*, eru venjulega gefnar út tvisvar á ári. Í stuttu máli er hægt að lýsa hringrás reglulegra endurskoðana þjóðhagsreikninga á ráðstöfunaruppgjöri á eftirfarandi hátt:

- Útgáfa 1, kallað áætlun, er birt í lok febrúar eftir að viðmiðunarári líkur (t + 60 dagar).
- Útgáfa 2, enn kallað bráðabirgðagögn, er birt í lok ágúst (t + 8 mánuðir) og 2. ársfjórðung ársins sama dag.
- Útgáfa 3, er gefin út í lok febrúar ári síðar (t + 14 mánuðir).

Árstölur í fyrstu útgáfu eru að hluta til summa af fjórum ársfjórðungum ársins miðað við ársfjórðungslegu þjóðhagsreikningana og eingöngu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri. Vinnslutími talna samkvæmt *framleiðsluuppgjöri* er nokkuð annar en fyrstu tölur samkvæmt því eru birtar um 14 mánuðum eftir að árinu lýkur en fram til þess tíma eru gerðar áætlanir um atvinnuvegi en sundurliðun þeirra áætlana er lítil.

**Tekjuskiptingauppgjörið** rekur lestina, þegar kemur að tímanleika uppgjöranna þriggja, en fyrsta útgáfa talnaefnis tekjuskiptingauppgjörsins er birt fljótlega í kjölfar Útgáfu 3 af ráðstöfunaruppgjöri, rúmum 14 mánuðum eftir að viðmiðunarári líkur. Seinni útgáfa, endurskoðun tekjuskiptingauppgjörsins birtist rúmu ári síðar, þ.e. rúmlega tveimur árum eftir að viðmiðunar ári líkur.

Strangt til tekið telur Hagstofan hagtölur, innan þjóðhagsreikninga, aldrei endanlegar. Reglulegar endurskoðanir vísa til breytinga á tímaröðum sem kunna að verða á milli bráðabirgðatalna og „endanlegri“ talna. Aðrar endurskoðanir, sem taka til lengri tíma, nefndar meiriháttar endurskoðanir geta komið til af ýmsum ástæðum. Algengustu ástæður eru nýjar heimildir, nýjar aðferðir eða flokkanir, breyttar aðferðir í kjölfar innleiðingu nýrra alþjóðlegra staðla og þess háttar. Slíkar endurskoðanir



## Lýsigögn

tengjast lengra tímabili og eru yfirleitt gerðar með lengra millibili. Þessum meiriháttar endurskoðunum er skipt í meiriháttar atviksbundnar endurskoðanir og meiriháttar reglubundnar endurskoðanir. Árið 2014 var til að mynda meiriháttar endurskoðun vegna innleiðingar ESA2010 þjóðhagsreikningastaðalsins.

Engar meiriháttar endurskoðanir eru á dagskrá fyrir **tekjuskiptingauppjörið**. Vegna þess að helstu efnisþættir tekjuskiptingauppjörsins byggja á niðurstöðum ráðstöfunar- og framleiðsluuppjörs þjóðhagsreikningaþjóðhagsreikninga þá munu allar meiriháttar endurskoðanir þjóðhagsreikninga koma til með að hafa áhrif á tekjuskiptingauppjörið.

Innlendar endurskoðanir eru samræmdar á milli mismunandi gagnasafna innan þjóðhagsreikninga, þó tímabundinn munur geti komið fram (vegna mismunandi tímasetningar á birtingum gagnasettanna).

## 18. Úrvinnsla hagskýrslna

### 18.1 Grunnögn

Meirihluti þeirra grunnagna sem notuð eru í samantekt tekjuskiptingauppgjörnsins eru stjórnsýsluskrár sem safnað er í öðrum tilgangi eða önnur áður birt gögn. Þetta á við um grunnögn fyrir heildarhagkerfið, hið opinbera, heimilin og útlönd þar sem gagnaheimildir eru eftirfarandi:

- Fyrir hagkerfið allt, þ.e. alla innlenda efnahagsgeira (S.1), eru notaðir ársfjórðungslegir/árlegir þjóðhagsreikningar birtir af deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála. Ársfjórðungslegu þjóðhagsreikningarnir eru endurskoðaðir tvisvar sinnum á ári og árlegu þjóðhagsreikningarnir endurskoðaðir einu sinni.
- Hið opinbera (S.13) er tekið saman óháð hinum efnahagsgeirunum, ársfjórðungslega af deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála.
- Gögn um ráðstöfunartekjur heimilanna (S.14) eru birt árlega af deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála, 9 mánuðum fyrir birtingu tekjuskiptingauppgjörnsins. Megin gagnaheimildin við útreikning á ráðstöfunartekjum heimilanna eru skattframtöl einstaklinga frá Ríkisskattstjóra.
- Uppgjörið fyrir útlönd (S.2) er unnið úr uppgjöri viðskiptajafnaðar sem Seðlabanki Íslands birtir ársfjórðungslega

Flest ársögn efnahagsgeira S.1, S.13, S.14 og S.2 liggja fyrir við gerð tekjuskiptingauppgjörnsins. Gagnaheimildir fyrir hið opinbera og útlönd eru taldar tæmandi. Mat á eftirliggjandi þáttum er aftur á móti byggt á viðbótarupplýsingum og sérstökum aðferðum, þ.e. fyrir fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki (S.11), fjármálafyrirtæki (S.12) og félagasamtök (S.15):

- Grunnögn fyrir fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki (S.11) eru efnahagsreikningar safnað af Fjármálaeftirlitinu, Fyrirtækjaskrá, skattframtöl rekstraraðila frá Ríkisskattstjóra og ársreikningar stærstu sveitarfélaganna.
- Fyrir fjármálafyrirtæki (S.12) er aðal gagnaheimildin FINREP skýrslur og ársreikningar váttrygginga-, lífeyris-, lána- og verðbréfamarkaðsins frá Fjármálaeftirlitinu.
- Grunnögn félagasamtaka (S.15) eru aðallega efnahagsreikningar og skattframtöl frá Ríkisskattstjóra sem og ársreikningar stærstu félagasamtakanna. Söfnun og úrvinnsla gagna fyrir S.15 er talinn veikasti hlekkur tekjuskiptingauppgjörnsins vegna þess að innan þessa geira eru einingar sem hvorki falla undir staðlaðar reikningsskilavenjur og erfitt er að nálgast upplýsingar um þessar einingar með öðrum hætti. Unnið er að því að bæta söfnun og úrvinnslu gagna varðandi þessar einingar, en slíkar breytingar hafa ekki verið innleiddar inn í samantekt tekjuskiptingauppgjörnsins og óljóst hvenær slíkri vinnu líkur.

### 18.2 Tíðni gagnasöfnunar

Þjóðhagsreikningar eru unnir úr áðurnefndum grunngögnum á ársfresti. Vegna eðli grunngagnanna getur tíðni gagnasöfnunar verið breytileg og tímasetningar grunngagna skarast á við vinnslu og birtingu tekjuskiptingauppgjörs þjóðhagsreikninga.

### 18.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnunarferlið á sér stað í gegnum nokkrar ólíkar miðlunarleiðir:

- Rafræn gagnaskil til Hagstofu Íslands
- Speglnun gagnagrunna milli stofnana
- Rafræn gagnaskil í gegnum „tölvuský“ (e. cloud services)
- Tölvupóstur

Notast er við ólíkar miðlunarleiðir eftir eðli gagna og hvort um ræðir gögn innan Hagstofunnar eða milli stofnana.

### 18.4 Sannprófun

Sannprófunarferli gagna innifelur Excel-sniðmát þar sem samtölur (e. aggregates) tekjuskiptingaruppgjörs og annarra samliggjandi uppgjöra eru sannprófaðar.

Við framleiðslu megin samtalna uppgjöra þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála eru prófanaferli innleidd þar sem samtölur allra uppgjöra eru sannprófaðar. Sannprófunin felur m.a. í sér samanburð talna innan tiltekins uppgjörs sem og samanburður talna á milli uppgjöra.

Hliðstæðar samtölur uppgjöra eru yfirleitt teknar saman á einn eða annan veg:

1. Hliðstæðar samtölur uppgjöra eru sóttar beint úr einu uppgjöri sem sér alfarið um og ber ábyrgð á vinnslu og útreikninga viðkomandi samtölu.
2. Hliðstæðar samtölur eru reiknaðar út frá mismunandi uppgjörs-aðferðum og er því aðferðafræðilegur mismunur á milli samtalna. Slíkar tölur eru bornar saman á milli uppgjöra eftir vinnslu- og útreikningarferli.

Eins og áður var tekið fram, Excel-sniðmát sem innihalda sannprófunarferli ganga úr skugga um að hliðstæðar samtölur stemmi á milli uppgjöra.

Að lokum er sjónræn framsetning uppgjöra framkvæmd, þar sem stærðir eru frekar greindar.

Vert er að taka fram að þessar sannprófanir voru fyrst teknar í notkun fyrir tekjuskiptingaruppgjörið í apríl 2019.



### 18.5 Gagnavinnsla

Við upphaf gagnavinnslu tekjuskiptingauppgjörins er lagt mat á framlag hvers efnahagsgeira til hagkerfisins. Þetta er gert með því að skipa hverri einingu í flokk ákveðins efnahagsgeira samkvæmt flokkun ESA 2010.

Hver undirliður framleiðslureiknings tekjuskiptingauppgjörins er fenginn með því að skipta framleiðsluuppgjöri Hagstofunnar upp í efnahagsgeira. Þetta er gert með því að safna tölum um laun og launatengd gjöld fyrir hvern geira og finna hlutföll geiranna í hverri atvinnugrein í fimm stafa kerfi ÍSAT 2008, kerfi sem byggt er á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (ESB) sem nefnist NACE Rev. 2. Hlutföll geiranna af launagreiðslum í hverri atvinnugrein eru notuð til að skipta framleiðslu, aðföngum, leiðréttingu aðfanga v. framleiðsluskatta/framleiðslustyrkja og afskriftum niður á geira. Áætlað hlutfall geiranna af launagreiðslum í hverri atvinnugrein er einnig notað til að skipta upp ýmsum þáttum í viðskiptareikningnum, í þeim tilfellum sem áreiðanleg gögn fyrir geirana liggja ekki fyrir.

Í íslensku þjóðhagsreikningunum er gerð framleiðsluuppgjör aðallega byggð á beinum matsaðferðum. Bein matsaðferð þýðir að á grundvelli tæmandi bókhaldstölfræði fyrir viðkomandi atvinnugrein fæst framleiðsla og aðfanganotkun með tölfræðilegri úrvinnslu undirliggjandi ársreikningum fyrirtækja. Þannig er ársreikningum fyrirtækja safnað frá skattayfirvöldum og ársreikningar ríkis og sveitarfélaga safnað beint frá ríki og sveitafélögum.

Í sérstökum tilfellum eru þættir framleiðslureiknings smíðaðir frá grunni með óbeinum matsaðferðum. Þetta á aðeins við um eftirfarandi atvinnugreinar og undirflokk:

- Starfsemi 41.3.
- Starfsemi 68.20.1.

Eins og áður hefur komið fram er árlegt tekjuskiptingauppgjör er tekið saman fyrir innlendu haggeirana fimm, fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki (S.11), fjármálafyrirtæki (S.12), Hið opinbera (S.13), heimilin (S.14) og félagasamtök (S.15). Þegar grunngögn eru tiltæk eru þau færð inni tölur til gagnavinnslu þar sem öll nauðsynleg skref eru tekin til að fylgja eftir aðferðafræði ESA 2010.

Þegar helstu niðurstöður þjóðhagsreikninga liggja fyrir eru þær aðgengilegar starfsmönnum deildarinnar í sameiginlegum skrá. Ef þörf er á leiðréttingum á gögnunum eru þær gerðar í þessum sameiginlegu skrá, á þennan hátt er reynt að tryggja það að ætíð séu leiðréttar skrár notaðar við aðra gagnavinnslu.

Helstu gagnaheimildir við samantekt landsframleiðslu samkvæmt framleiðsluuppgjöri eru uppgjör fyrirtækja og stjórnsýsluskrár. Þessi gögn eru talin tæmandi gagnagrunnur fyrir alla geira hagkerfisins samkvæmt framleiðsluuppgjöri og



## Lýsigögn

mikilvægasta skrefið í gagnavinnslu framleiðsluuppgjörnsins því að fylgja eftir aðferðafræði þjóðhagsreikingastaðalsins ESA 2010.

Allri gagnavinnslu þjóðhagsreikninga, frá grunngögnum til útgefins talnaefnis, er lýst í [samantekinni lýsingu á aðferðum við gerð íslenskra þjóðhagsreikninga samkvæmt ESA 95 þjóðhagsreikninga staðlinum \(á ensku\)](#). **Beðið er eftir birtingu nýrrar sambærilegrar lýsingar í samræmi við ESA 2010.**

Vinnsla á þáttum innan tekjuskiptingauppgjörnsins sem ekki reiknast til landsframleiðslu eru gerð fyrir hvern þátt fyrir sig fyrir alla innlenda haggeira og útlönd og sömu sögu má segja um afstemmingu á uppruna og ráðstöfun. Öll gagnavinnsla er unnin í SQL/Excel.

Þegar allir þættir hafa verið stemmdir af og fyllt hefur verið inní allar töflur er gæðamat framkvæmt. Sparnaðarhlutfall og fjárfestingahlutfall heimilanna eru reiknuð á þessu stigi til að kanna hvort niðurstöður stemmi. Ef einhver mistök finnast er það leiðrétt.

### 18.6 Aðlögun

Á ekki við.

## 19. Athugasemdir

### 19. Athugasemdir